

Rangárþing eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 20. desember 2023
UST202311-225/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi rangárþings eystra 2020 – 2032 - Afpreyningar- og ferðamannasvæði, skógræktar- og landgræðslusvæði og verslunar- og þjónustusvæði í Stóru Mörk

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi eystra er barst 22. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020 – 2032 fyrir afpreyningar- og ferðamannasvæði, skógræktar- og landgræðslusvæði og verslunar- og þjónustusvæði í Stóru Mörk.

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir þremur breytingum á aðalskipulaginu. Í fyrsta lagi *Nauthúsagil*, þar sem fyrirhugað er að stækka núverandi afpreyningar- og ferðamannasvæði (AF12) úr 3 ha. í 25,4 ha. að stærð þar sem gert er ráð að vera með tjaldsvæði, nokkur lítil gestahús og þjónustuhús. Í öðru lagi *Stóra – Mörk 3B (VP32)* þar sem fyrirhugað er að skilgreina verslunar- og þjónustusvæði, á um 3,4 ha. svæði í landi Stóru – Markar 3B. Í þriðja lagi, *Stóra-Mörk 3C, (SL15)* þar sem fyrirhugað er að skilgreina 27,2 ha. skógræktar- og landgræðslusvæði í landi Stóru-Markar 3C. Minnkar landbúnaðarland sem því nemur.

Nauthúsagil

Eins og kemur fram í greinargerð er svæðið flatt með túnnum þar sem Nauthúsagil fær á njóta sín. Lítið er um innviði á svæðinu, einungis bílastæði og lítil brú. Umhverfisstofnun bendir á að tjaldsvæðið nær jafnvel til svæðis sem er á náttúruminjaskrá og nefnist Nausthúsagil og er númer 718 sem aðrar náttúruminjar. Gilið er verndað vegna landslags þar sem því er lýst sem djúpu og þröngu gili þar sem er fallegur foss.¹

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjallað sé um svæðið sem er á náttúruminjaskrá í greinargerð og áhrif tillögunnar á það í umhverfismatsskýrslu. Mikilvægt er að uppbygging tjaldsvæðisins hafi ekki neikvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins og þar af leiðandi rýri verndargildi náttúruminjanna.

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudurland/>

Vistgerðir og fuglalíf

Eins og kemur fram í greinargerð samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis m.a. vistgerðin língresis- og vingulsvist sem er með hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.²

Í língresis- og vingulsvist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll, stelkur og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.³

Ábyrgðartegund: Tegund sem Íslendingar bera sérstaka ábyrgð á vegna þess að stór hluti útbreiðslusvæðis tegundarinnar á Evrópu- eða heimsvísu er hér á landi eða stór hluti stofnsins á Evrópu- eða heimsvísu heldur hér til að staðaldri eða hluta úr ári.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að skógræktarsvæðið sé afmarkað í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.

Umhverfisviðmið

Samkvæmt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar⁴ eru umhverfisviðmið skilgreind sem umhverfisverndarmarkmið í stefnu stjórnvalda og viðmiðunarmörk í reglugerðum, lagaákvæðum eða alþjóðasamningum, sem umhverfisáhrif stefnumiða áætlunar eru borin saman við, svo hægt sé að taka afstöðu til vægis tiltekinna umhverfisáhrifa.

Umhverfisstofnun bendir þess vegna á mikilvægi þess að horft sé til fleiri umhverfisviðmiða í umhverfismatsskýrslu, ef við á, eins og Bernarsamninginn, náttúruminjaskrá, aðgerðaráætlun íslenskra stjórnvalda í loftlagsmálum⁵ og Vatnaáætlun 2022- 2027⁶.

Loftslag

Í greinargerð er fjallað um kolefnisbindingu og þar af leiðandi leggur Umhverfisstofnun til að loftslag sé sér umhverfisþáttur með viðeigandi umhverfisviðmiðum og matsspurningum.

² <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/lingresis-og-vingulsvist>

³ <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

⁴ <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>

⁵ <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturuvernd/loftslagsmal/adgerdaaetlun-i-loftslagsmalum/>

⁶ <http://www.vatn.is/>

Mat á umhverfisáhrifum

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 111/2021 skulu tilkynningarskyldar framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka við lögín háðar umhverfismati þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.⁷

Umhverfisstofnun bendir á að skógræktarsvæðið fellur mögulega undir lið 1.04 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum, þar sem segir nýræktun skóga sem tekur til 200 ha eða stærra svæðis og þessi svæði óháð stærð á verndarsvæðum falli undir B flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun bendir á að verndarsvæðin sem skógræktin nær til fellur undir verndarsvæði skv. e. lið iii. liðar 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaaðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorið hvort verkefni falli undir ofangreindan lið.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Ríkey Kjartansdóttir
sérfræðingur

⁷ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2021111.html>